

GJALDSKRÁ

Skagabyggðar fyrir skipulags- og byggingarmál

I. KAFLI

1.gr.

Almenn heimild.

Vegna bygginga í Skagabyggð greiðast gjöld vegna skipulags- og framkvæmdaleyfa samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og byggingarleyfisgjald og afgreiðslu- og þjónustugjöld samkv. lögum um mannvirki nr. 160/2010.

2.gr.

Ráðstöfun gjalda.

Tekjum sveitarfélagsins vegna framkvæmdaleyfa og byggingarleyfa og af afgreiðslu- og þjónustugjöldum skal varið til að standa undir hluta kostnaðar sveitarfélagsins við þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa og byggingaraðila.

II. KAFLI

Byggingarleyfisgjald.

3.gr.

Flokkun bygginga og gjaldskrá.

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir. Þó skal ekki innheimta byggingarleyfisgjald fyrir byggingar sem eru 7 fermetrar eða minni, nema um viðbyggingar sé að ræða. Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er lögboðin meðferð byggingarleyfiserinda, lóðablöð, yfirferð teikninga, útmæling fyrir húsi og hæðarkóta og reglubundið eftirlit.

Byggingarleyfisgjald skal innheimt við útgáfu byggingarleyfis.

Íbúðarhúsnæði og aðrar byggingar á íbúðalóðum	320 kr/m ²
Iðnaðarhúsnæði	288 kr./m ²
Frístundahús	640 kr./m ²
Útihús á lögbylum	150 kr./m ²
Stöðuleyfi, gámar, hús,	640 kr./m ²

Stöðuleyfi er veitt til eins árs í senn.

4.gr.

Meginreglur

Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyprar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald vegna umfangs verksins, er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald skipulagsfulltrúa sem er 9.000 kr. án virðisaukaskatts eða gjald samkvæmt reikningi.

5.gr.

Gildistaka

Gjaldskráin er samin og samþykkt af hreppsnefnd Skagabyggðar 26. apríl 2018 með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

Skagabyggð 26. apríl 2018.

Vignir Sveinsson oddviti
